



Ljósmynd: Snaeríður Jóhannsdóttir

# ENDURLIT

## SÍGILD LOPAPEYSA MEÐ RÆTUR Í TÍÐARANDA SJÖUNDA ÁRATUGARINS ÁSDÍS HLÖKK THEODÓRSDÓTTIR

Þessi peysuuppskrift byggir á uppskrift að lopapeysu eftir Solveigu Búadóttur sem birtist í fyrsta hefti Hugar og handar árið 1966. Þá var uppskriftin í einni stærð, þrjónuð úr þreföldum plötulopa. Hún hefur hér verið aðlöguð að öðru garni og fleiri stærðum. Uppskriftin er í fimm stærðum, hugsuð fyrir öll kyn, og þrjónuð úr L-bandí frá Einrúm, þar sem tvinnuð er saman íslenskum léttlopa og mórberjasilki.

### STÆRÐIR XS (S) M (L) XL

Hálf yfirvídd: 48 (51) 53 (56) 59 cm

Bolur að handvegi, með stroffi: 40 (42) 44 (46) 48 cm

Ermar að handvegi, með stroffi: 44 (46) 48 (50) 52 cm

**BAND** L+2 band frá Einrúm, 50 gr dokkur = 93 m, 92% íslensk ull og 8% mórberjasilki

Litur 1 4(5)5(5)6

Litur 2 3(3)3(3)3

Litur 3 3(3)3(3)3

**PRJÓNAR** Hringþrjónar nr. 4 & 5

Sokkþrjónar nr. 4 & 5

**PRJÓNFESTA,** 10 cm = 15 L

**SLÉTT PRJÓN** 10 cm = 21 umf

**AÐFERÐ** Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlastykki prjónað í hring með laskaúrtöku. Á axlastykki er hægt að gera stytta umferðir (German short rows), til að hækka bakstykkið. Þá eru síðustu 5 umferðir fyrir stroff í háls máli prjónaðar þannig: Prjónið sl 8 L fram yfir laskann vinstra megin að framan. Þá er snúið við og prjónað br þar til er komið 8 L fram yfir laskann hægra megin að framan. Snúið við og prjónið sl 3 L fram yfir laskann vinstra megin að framan. Aftur er snúið við og prjónað br 3 L fram yfir laskann hægra megin að framan. Að lokum er prjónuð heil umferð og götunum lokað. Gæta þarf að því að snúa laskaúrtökum rétt, þegar prjónað er á röngunni.

**BOLUR** Fitjið upp 144 (152) 160 (168) 176 L með lit 1 á hringprjón nr. 4. Tengid saman í hring og prjónið stroff \*1 L sl, 1 L br\*, 5 cm. Skiptið yfir á prjón nr. 5 og prjónið slétt prjón með lit 1 í 0 (4) 8 (13) 17 umferðir. Skiptið í lit 2 og prjónið mynstur (sjá skýringarmynd), 5 mynstureiningar eða 75 umferðir. Þá á bolur að mælast 40 (42) 44 (46) 48 cm. Setjið 8 L á hjálparband í hvorri hlið.

**ERMAR** Fitjið upp 38 (42) 42 (42) 46 L með lit 1 á sokkprjóna nr. 4. Tengid saman í hring og prjónið stroff \*1 L sl, 1 L br\*, 5 cm. Skiptið yfir á prjóna nr. 5 og prjónið slétt prjón með lit 1 í 8 (13) 17 (21) 25 umferðir og skiptið síðan í lit 2 og prjónið mynstur (sjá skýringarmynd). Byrjað er að auka út í 2. umferð eftir stroff. Aukið út 2 L (sn sl), 1 L í byrjun umferðar og 1 L í lok umferðar. Aukið er út í 8. (8.) 8. (7.) 7. hverri umferð, alls 9 (9) 9 (11) 11 sinnum. Gætið þess að mynstur haldist rétt annars staðar en á útaukningarstöðum. Þegar prjónaðar hafa verið 5 mynstureiningar eða 75 umferðir eiga ermar að mælast 44 (46) 48 (50) 52 cm og vera 56 (60) 60 (64) 68 L á prjóninum. Setjið 8 L á hjálparband.

**AXLASTYKKI** Prjónið bol og ermar saman í hring á einn hringprjón samkvæmt mynstri. Prjónið aðra ermína 48 (52) 52 (56) 60 L, síðan framstykki 64 (68) 72 (76) 80 L, næst hina ermína 48 (52) 52 (56) 60 L og að lokum bakstykki 64 (68) 72 (76) 80 L). Merkið samskeyti á bol og ermum. Nú eru 224 (240) 248 (264) 280 L á prjóninum.

Í annarri umferð hefst laskaúrtakan: \*Prj 2 L sm (úrtaka til vinstri), prj sl þar til 2 L eru að næstu samskeytum, prj 2 L saman (úrtaka til hægri)\*. Endurtakið út umferðina. Gætið þess að mynstur haldist rétt annars staðar en á úrtökustöðum. Úrtaka er í annarri hverri umferð, alls 19 (21) 21 (23) 24 sinnum. Þegar prjónaðar hafa verið tvær mynstur-einingar á axlastykki (30 umf) er skipt yfir í lit 3 og prjónaðar 9 umf. Síðan er skipt yfir í lit 1 og prj 0 (3) 3 (7) 9 umf. Ef ætlunin er að prjóna stytta umferðir, er það gert áður en kemur að stroffi, sjá undir **Aðferð** að ofan. Þá eru 72 (72) 80 (80) 88 L á prjóninum. Skipt yfir á prjón nr. 4 og prjónað stroff í lit 1 \*1 L sl, 1 L br\* í 10 cm. Fellid laust af.

**FRÁGANGUR** Gangið frá endum og lykkið saman undir höndum. Brjótið stroff í háls máli niður til helminga á röngu og varpið laust niður. Skolið peysuna og leggið til þerris í rétt mál.

**SKAMMSTAFANIR** br: brugðið  
L: lykkja  
óprj.: óprjónuð L  
prj: prjónið  
sl: slétt  
sn sl: snúin slétt L  
sm: saman  
umf: umferð

úrtaka til hægri: Prj 2 L sl sm með því að prj báðar L í einu.

úrtaka til vinstri: Prj 2 L sm með því að taka 2 L óprj af vinstri prjóni á hægri prjón, eina í einu, eins og prj eigi þær sl. Setjið vinstri prjón framan í L og prj þar sl sm.

